

- 51** 4. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skal innan 15. júlí næstkomandi semja
28. mars. áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins frá 1. júní þ. á. til ársloka, er rædd sje á tveim fundum með viku millibili, og liggja til sýnis 14 daga þar eftir.
5. Kjósa skal 5 menn í niðurfjórðungarnefnd til bráðabirgða, þegar bæjarstjórnin er komin á laggirnar, og skal sú nefnd hafa setu þangað til ný kosning getur farið fram eftir 21. gr. laganna í septembermánuði þ. á. Hún skal samkvæmt áætluninni jafna niður samkvæmt 20. gr. laganna hinum áætluðu gjöldum fyrir tímabilið frá 1. júní þ. á. til ársloka (sbr. 19. gr. laganna).

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra sýslumaður, til frekari birtingar og ráðstöfunar til framkvæmda, skal lagt fyrir yður að taka til starfa sem bæjarfógeti í Hafnarfjarðarkaupstað með svæði því, er samkvæmt 1. gr. nefndra laga 22. nóvbr. f. á. verður lögsagnarumdæmi fyrir sig, frá 1. júní næstkomandi að telja.

52 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Áskirkju í**
20. maí **Rangárvallaprófastsdæmi.**

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 23. f. m., hefir stjórnarráðið samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla, og að ráði yðar staðfest þá ákvörðun hlutaðeigandi safnaðar, er hjeráðsfundur Rangárvallaprófastsdæmis hefir samþykkt:

1. Að Áskirkja verði lögð niður í næstkomandi fardögum, þannig að eigendur jarða þeirra í Ássókn, er goldin er af prestsmata, haldi áfram að greiða prestsmötugjald eins og verið hefir, en kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instrumentis verði eign Kálfholtskirkju.
2. Að Ássókn verði sameinuð Kálholtssókn og allar tekjur Áskirkju skuli eftir niðurlagning hennar ganga til Kálfholtskirkju.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.